

SÍP

SAMBAND ÍSLENSKRA PRÓFUNARSTOFA

Aðalfundur SÍP haldinn hjá ÍSOR, Urðarhvarfi 8, þann 05. júní 2024 kl 15:00

Mættir: Elísabet Jóna Sólbergdóttir (EJS, Rannsóknarstofa í lyfja og eiturefnafræði), Elín Ásgeirsdóttir (EÁ, Malbikunarstöðin Höfði), Guðrún Eva Jóhannsdóttir (GEJ, COWI (áður Mannvit)), Halla Halldórsdóttir (HH, Matís), Finnboogi Óskarsson (FÓ, Ísor) og Jón Pétur Gunnarsson (JPG, gæðastjóri BSI á Íslandi)

Fundarstjóri EÁ, Ritari: GEJ

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til samþykktar.
2. Formaður skýrir frá störfum félagsins á liðnu ári.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins
4. Félagsgjöld ákveðin.
5. Kosning stjórnar.
6. Formaður kosinn.
7. Skoðunarmaður reikninga kosinn.
8. Lagabreytingar (engar tillögur hafa komið fram um lagabreytingar).
9. Önnur mál.

Fundur settur kl 15:15

1. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp af vefsíðu og samþykkt.
2. EJS lagði fram skýrslu stjórnar og las fyrir fundarmenn.
3. FÓ lagði fram endurskoðaða reikninga og voru þeir samþykktir
4. Ákveðið að halda félagsgjöldum óbreyttum.
5. Elísabet Jóna Sólbergdóttir hættir í stjórn en hún hefur verið stjórnarmaður í fjöldamörg ár og gegnt formannstöðu síðan 2018. Henni er þakkað vel fyrir ötult starf í þágu félagsins. Kristmann Gíslason tengiliður SÍP hjá Haf og vatn kemur nýr inn í stjórn.
6. GEJ býður sig fram sem formann og er kosin með öllum atkvæðum stjórnarmanna sem sitja fundinn.
7. Skoðunarmaður reikninga er kosinn Sigurður Sveinn Jónsson.
8. Engar lagabreytingar hafa verið lagðar fram.
9. Önnur mál
 - Nýir meðlimir í SÍP
 - EJS var í sambandi við Marel en gekk illa að fá svör
 - FÓ hafði samband við Landsvirkjun og Orkuveituna, Landsvirkjun hefur ekki áhuga en hann ætlar að heyra aftur í Orkuveitunni í haust.
 - HH hafði samband við Alvotech, gekk ekki. Hugsanlega gæti JPG fundið tengilið hjá Alvotech.
 - Heimsóknin til Matís heppnaðist vel. GEJ gæti hugsanlega boðið í heimsókn á rannsóknarstofu COWI í haust eða næsta vor

- Aðild að Eurolab og Eurachem rædd og kynnt JPG. Rætt um námskeiðið sem haldið var af Eurolab og félagsmenn SÍP mættu á sér að kostnaðarlausu.
- Áhugi á að halda sérhannað námskeið fyrir félagsmenn SÍP, HH ætlar að halda utan um tillögur að kennslufni, sendir á stjórnarmeðlimi og svo verður athugað með kennara. Eurolab á marga sérfræðinga og þau hafa sýnt því áhuga að veita okkur meiri þjónustu.

Fundi slitið 16:32